HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?



Maciej Lukaszczyk

TÓNLISTARSKÓLINN Í RVÍK:

Chopin-tónleikar

Á MÁNUDAGSKVÖLD heldur pólski pianóleikarinn Maciej Lukaszczyk, forseti Chopin-félagsins í Vestur-Þýskalandi, tónleika í Austurbæjarbíói á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík, og hefjast þeir kl. 19.00.

Á efnisskrá eru eingöngu verk eftir Chopin. Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn, en nemendur og kennarar skólans fá ókeypis aðgang að tónleikum þessum. Í dag og á morgun heldur Lukaszczyk námskeið fyrir kennara og nemendur Tónlistarskólans.


KJARVALSSTAÐIR:

Jón E. Guðmundsson opnar sýningu í dag

Í DAG opnar Jón E. Guðmundsson myndlistarsýningu í austursal Kjarvalsstaða. Við opnun sýningarinnar og öðru hvoru meðan á sýningunni stendur sýna nemendur úr Leiklistarskóla ríkisins með leikbrúðum kafla úr Skugga-Sveini. Á sýningunni verða 17 höggmyndir úr íslensku birki úr Hallormsstaðarskógi og 40 myndir, málverk, vatnslitamyndir og teikningar.

Í anddyri Kjarvalsstaða verður lítið brúðuleikhús sem vísar sýningargestum til vegar og á veggjum eru brúður sem Jón hefur gert vegna sýningar á hinum ýmsu brúðuleikhúsverkum, svo sem leikritinu Norður kaldan kjöl eftir Ragnar Jóhannesson.

Jón E. Guðmundsson sýndi síðast í Norræna húsinu 1974 og eru þær myndir sem hann nú sýnir allar gerðar síðan.



Jón E. Guðmundsson við eina höggmynda sinna. Myndin er höggvin úr einum trjábol.

Menn héldu að ég væri eitthvað skrýtinn

— Ég lærði teikningu og myndskurð hjá Marteini Guðmundssyni og stundaði myndskurð í fjögur ár, sagði Jón. Svo fór ég utan til myndlistarnáms og þar kynntist ég brúðuleikhúsi. Einn af félögum á listaskólanum sagði einhverju sinni er hann horfði á verk eftir sig: „Mikið vildi ég að þessi manneskja gæti gengið sprelllifandi út úr myndinni." Ég tók undir þetta og þá bauð hann mér að heimsækja sig. Ég varð ekki lítið undrandi þegar ég komst að raun um að hann átti lítið brúðuleikhús heima hjá sér. Ég fékk bakteríuna á stundinni og hef ekki losnað við hana síðan. Ég byrjaði að sýna hér heima í Alþýðuleikhúsinu við Hverfisgötu, árið 1954, og átt erfitt uppdráttar í byrjun. Menn héldu að ég væri eitthvað skrýtinn að vera að stússa í þessu. En úr því hefur ræst, og ég vona að brúðuleikhús fái fastan sess í framtíðinni hérna hjá okkur. Hvarvetna erlendis þykir sjálfsagt að hafa sérstakan sal fyrir slíka starfsemi í öllum meiri háttar myndlistarhúsum.

Sýning Jóns E. Guðmundssonar í austursal Kjarvalsstaða er opin daglega frá kl. 14—22 og stendur til 30. þ.m.

Sýningar um helgina



Sýningu Kjartans Guðjónssonar í vestursal Kjarvalsstaða lýkur um helgina.

Kjarvalsstaðir: Kjartan Guðjónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar í vestursal. Sýningunni lýkur á sunnudags- eða mánudagskvöld.

Jón E. Guðmundsson sýnir höggmyndir úr tré, málverk, vatnslitamyndir og teikningar í austursal.

Heimilisiðnaðarfélagið sýnir muni á vesturgangi.

Listasafn Íslands: Yfirlitssýning á verkum Svavars Guðnasonar. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Kirkjustræti 10: Sigrún Gísladóttir sýnir collage-myndir. Sýningunni lýkur 18. þ.m.


Eden: Jose Luis Lopez Ayala sýnir málverk og vatnslitamyndir. Sýningunni lýkur annað kvöld.

Nýlistasafnið Vatnsstíg 3: Hollensk myndlistasýning, Vídd á pappír. Opið frá kl. 16—20 á virkum dögum, en 14—20 um helgar. Sýningunni lýkur annað kvöld.

Ásmundarsalur: Ívar Valgarðsson sýnir skúlptúra og málverk. Sýningunni lýkur á mánudagskvöld.

Húsagagnaverslun Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 64: Bjarni Jónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar og málaðan rekavið.

Safnahúsið á Selfossi: Pál S. Pálsson sýnir 30 myndir gerðar með blandaðri tækni. Sýningin er opin frá kl. 14—22 og lýkur annað kvöld.



Frá sýningu Gunnlaugs Stefánssonar Gíslasonar í FÍM-salnum, Laugarnesvegi 112.

Norræna húsið: Finninn Pentti Kaskipuro sýnir grafíkmyndir í anddyri. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Gallerí Langbrók: Sigrún Eldjárn sýnir blýantsteikningar með vatnslitaívafi. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12—18 og stendur til 5. desember.

Gallerí Háhóll: Kjartan Guðjónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar. Sýningunni lýkur á sunnudags- eða mánudagskvöld.


FÍM-salurinn: Laugarnesvegi 112: Gunnlaugur Stefán Gíslason sýnir vatnslitamyndir. Sýningin er opin frá kl. 14—22 um helgar, en 14—20 virka daga og stendur til 23. þ.m.

Kirkjustræti 10:

Síðasta sýningarhelgi hjá Sigrúnu

SÝNINGU Sigrúnar Gísladóttur í Kirkjustræti 10 lýkur þriðjudaginn 18. þ.m.

Á sýningu Sigrúnar eru collagemyndir. Sýningin er opin frá kl. 9—16 í dag og á morgun, en kl. 9—18 mánudag og þriðjudag.



Sigrún Gísladóttir



Egill Ólafsson og Kjartan Ragnarsson í hlutverkum Gláms og Grettis.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR:

Þrjú leikrit um helgina

Í kvöld er Ofvitinn sýndur hjá Leikfélaginu. Ekkert lát er á aðsókn að þessu vinsæla verki.

Annað kvöld er svo 20. sýning á þýska leikritinu Að sjá til þín, maður! eftir Franz Xaver Kroetz í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar. Þetta leikrit þykir fjalla um mannskepnuna á nærgöngulan og áhrifaríkan hátt og hlaut það mjög góða dóma gagnrýnenda.

Þá verður annað kvöld 2. sýning á söngleiknum Gretti í Austurbæjarbíói og hefst hún kl. 21.30. Höfundar eru Egill Ólafsson úr Þursaflokknum, Ólafur Haukur Símonarson og Þórarinn Eldjárn, en með stærstu hlutverk fara Kjartan Ragnarsson, sem leikur Gretti, Jón Sigurbjörnsson, sem leikur Ásmund, föður hans, Sigurveig Jónsdóttir leikur Ásdísi, móður Grettis.

Þórhildur Þorleifsdóttir er höfundur og stjórnandi hinna fjölmörgu dansa í sýningunni en leikstjóri er Stefán Baldursson.

Grettir er gæi úr Breiðholtinu, sem lendir í klandri og er kominn í tukthús, þegar hann er „uppgötvaður" og gerður að sjónvarpsstjörnu: fær sem sé hlutverk nafna síns í sjónvarpsþáttum um Grettissögu.

BLÁR MÁNUDAGUR:

Karl Torfi Ezrason syngur og leikur



Gunnar Hrafnsson og Guðmundur Ingólfsson láta gamminn geysa á Bláum mánudegi.

JAZZTÓNLEIKAR undir nafninu Blár mánudagur verða í Þjóðleikhúskjallaranum á mánudagskvöld frá kl. 21—01. Félagar úr Íslenska dansflokknum flytja frumsaminn dans. Karl Torfi Ezrason farandsöngvari syngur nokkur lög og leikur á gítar.

Þrautreyndir jazzkappar eru meginuppistaða kvöldsins, þeir Guðmundur Ingólfsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa, Guðmundur Steingrímsson á trommur, Björn Thoroddsen á gítar og Viðar Alfreðsson á trompet. Rauðvín og ostapinnar eru innifaldir í miðaverði og borðapantanir eru í síma 19636.